

- a. Á árinu 1940 er óheimilt að hækka launagreiðslur í landinu meira en svarar til 2 þeirrar hækkunar, sem ákveðin er í 2. gr. laga þessara. 5. jan.
- Samningsbundnar greiðslur frá sjúkrasamlögum fyrir unnin störf skulu óbreyttar meðan núgildandi samningar standa, þrátt fyrir það, þótt ákvæði séu í samningunum um breytingar vegna hækkunar eða lækkunar á framfærslukostnaði eða gengi. Samningum þessum má segja upp með þriggja mánaða uppsagnarfresti, þó að lengri frestur hafi verið ákveðinn.
- b. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða í reglugerð verðlagsuppbót á laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins, svo og ríkisstofnana.

5. gr.

Síðasta málsg. 4. gr. laganna, sem verður 6. gr., fellur niður.

6. gr.

5. gr. laganna fellur niður.

7. gr.

6. gr. laganna fellur niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

9. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 10 4. apríl 1939 og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 5. janúar 1940.

Undir Vor konungleg hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

3

11. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og

Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. málsg. 56. gr. laganna hljóði svo:

Lögfræðingar þeir, sem stundað hafa málflutning fyrir héraðsdómi sjálfstætt eða sem fulltrúar hæstaréttarmálflutningsmanna minnst 3 ár samfleytt fyrir 1.

- 3 janúar 1937, skulu vera undanþegnir prófraun þeirri, er um ræðir í 1. málsgrein.
 11. jan. Lögfræðingar, sem skipaðir hafa verið í dómaraembætti, eða skipa má í föst dóm-
 arasæti samkvæmt 32. gr., skulu einnig undanþegnir umræddri prófraun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 11. janúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

4

12. jan.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 11 13. janúar 1938 um viðauka við lög nr. 104
 23. júní 1936 um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og
 Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og
 Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss,
 að líklegt sé, að skortur verði á undirvélstjórum á fiskigufuskipum í vetur, þar
 sem skipunum muni sennilega verða haldið úti líkt og á síldveiðatímabilinu, og
 sé því nauðsynlegt að breyta með bráðabirgðalögum samkvæmt 23. gr. stjórnar-
 skrárinnar undanþáguheimild þeirri, er felst í lögum nr. 11 13. janúar 1938,
 þannig að hún gildi fyrir allt árið.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Orðin „meðan skip þau, er slíka vél hafa, stunda veiðar á tímabilinu 1. júní til
 31. október ár hvert“ í niðurlagi 1. málsg. 1. gr. laganna, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. janúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.